



Lyfjameðferð eftir fósturlát

Upplýsingarit fyrir sjúklinga og aðstandendur þeirra

Settar eru 4 töflur af lyfinu Cytotec (misoprostol) eins hátt upp í leggöng og hægt er. Ef blæðing er ríkuleg má setja 2-3 töflur af Cytotec undir tungu. Betra er að byrja meðferðina snemma dags svo nóttin verði ekki svefnlaus. Töflurnar valda samdráttum í legi og mýkja leghálsinn. Það veldur verkjum og kemur af stað blæðingu. Helstu aukaverkanir lyfjameðferðar eru veikindatilfinning, vægur hiti (<math><38^{\circ}\text{C}</math>), ógleði og niðurgangur. Aukaverkanir ganga oftast yfir á 12 tímum. Ráðlagt er að hafa einhvern fullorðinn hjá sér meðferðardaginn.

Verkjalyf:

- Mælt er með íbúprófeni og parasetamóli til verkjastillingar ef ekki er frábending fyrir notkun. Íbúprófen gefur oft betri verkjastillingu.
- Hámarksskammtar af íbúprófeni eru 600 mg þrisvar á sólarhring og parasetamóli eru 1 g þrisvar til fjórum sinnum á sólarhring.
- Gott er að taka verkjalyfin um leið og Cytotec töflurnar eru settar upp til að fyrirbyggja verki.

Blæðing:

- Blæðing ætti að hefjast eftir 3 – 4 klukkustundir en gæti dregist í allt að 4 daga.
- Blæðing er einstaklingsbundin á milli kvenna, eðlilegt er að fá ríkulega blæðingu með blóðköggjum (blóðlifrum).
- Eftir að blæðing hefst er gott að vera á hreyfingu og röltu um heima a.m.k. tvisvar á klukkustund. Passaðu að drekka vel.

Endurkoma:

Endurkomutími er 10-14 dögum eftir lyfjameðferð. Þá er innihald í legi mælt með sónarskoðun um leggöng.

Dagsetning endurkomutíma: _____

Ráðleggingar eftir meðferð

1. Meðan blæðing er í hámarki er ráðlagt að vera heima, oft fyrsta sólarhringinn.
2. Forðastu samfarir meðan blæðir.
3. Mælt er með sturtu en ekki baði/sundi eða heitum pottum.
4. Það er eðlilegt að blæði í allt að 2-3 vikur eftir lyfjameðferð. Næstu eðlilegu tíðablæðingar ættu að hefjast eftir 4-6 vikur og geta þær orðið ríkulegri en vanalega.
5. Notaðu eingöngu bindi en hvorki túrtappa né álfabikar á meðan blæðing varir.
6. Vægir túrverkir eru algengir fyrstu 1-2 vikurnar eftir lyfjameðferð.

Ástæða er til að hringja á deild ef:

- Það blæðir svo að stórt bindi fyllist (næturbindi eða sambærileg) á innan við 30 mínútum í meira en tvær klukkustundir.
- Nýrra verkja í kvið verður vart.
- Verkir svara ekki verkjalyfjum eða minnka ekki þrátt fyrir að blæðing sé hætt.
- Hiti er yfir (38°C).

Símanúmer:

Móttaka kvenlækningadeildar 21A er opin virka daga frá kl. 8-16, sími 543-3224.

Ef eitthvað brátt kemur upp á sem ekki getur beðið til næsta dags má hafa samband við skiptiborð Landspítala í síma 543-1000 og biðja um samband við legudeild kvenlækningadeildar 21A. Ef um brátt ástand er að ræða skal hafa samband við 112.

Starfsfólk kvenlækningadeildar 21A